

sinnis hafi vægðarlaust jarðvarpað keppinautum sínum með ofurkappi og óbilgirni.

En Rockefeller hefir borið hönd fyrir höfuð sér í æfisögu sinni hinni miklu, er hann hefir gefið út og nefnir: »Endurminningar um menn og málefni«. Þar segist honum svo frá — og alt líf hans sýnir, að hann segir það satt — að sjálfur hafi hann aldrei persónulega kært sig um guilið. Hann hafi sózt eftir því að eins til þess að njóta ánægju sigurvegarans — þeirrar ánægju, sem skákmaðurinn hafi af því að vinna taflið og aðra ánægju hafi hann ekki haft. Hann heldur því fast fram, að fjágróðaleiðir sínar hafi verið fyllilega réttar. Ólíuframleiðandinn hafi fengið olíu sína betur borgaða en áður og hann mundi hiklaust svara því játandi ef einhver spyrði hann, hvort saumakonan fengi nú steinólíufullösku sína fyrir minna verð en áður.

John Davison Rockefeller er nú orðinn 82 ára eins og áður er sagt. Það eru orðin þrjátíu ár síðan hann misti alt hárið í veikindum og lækunar lögðu honum þá afarstrangar lífsreglur ef hann vildi líli halda, enda mun enginn fylgja ráðum læknis síns með meiri nákvæmni en hann, því að það er hans innilegasta ósk að ná háum aldri -- verða eldgamall. Hann er allur skininn og grindhorður og einna líkastur smyrðlingi eða múmíu, en heili hans er sístarfandi. Dauðinn virðist honum vera fjarstæða ein, hvað sig snerti, því að hann þykist eiga margt eftir ógert enn í veröldinni. Þegar hann varð áttæður var hann spurður að, hvers hann óskaði sér helst og svaraði hann þá:

»Að eg væri orðinn ungar,frískur og fátækur, svo að eg gæti byrjað aftur á nýjan leik!«

## Vikan.

Tíðin. Indæl tíð, blíðuveður dag eftir dag, og 8 stiga hiti var hér einn daginn. Svellalög eru svo mikil hér í Siglufirði í vetur að slík hafa eigi verið hér í manna-minnum. Hefur verið hér skautasveil nú í 2 mánuði, og er það jafn sjaldgæft og hitt að hér skuli enn sem af er í vetur ekki hafa komið skíðafæri daglangt að kalla má.

Alþingiskosning verður lätin fram fara svo fljótt sem auðið er, í Suður-Þingeyarsýslu. Verður kosinn maður í stað Péturs heitins Jónssonar. Um 2 framþjóðendur hefur þegar heyrst, þá Sigurð Jónsson bónda á Arnarvatni, og Ingólf Bjarnason bónda í Fjósatungu.

Fjalla-Eyvind hefur leikfélag Akureyrar með aðstoð frú Guðrúnar Indriðadóttur, nú leikið nokkrum sinnum, alltaf fyrir fullu húsi, og er mikið látið af því, hversu vel sé leikið.

Skipaferðir. «Goðafoss» kom til Fáskrúðsjarðar í gærkvöldi. Á að vera hér 2. febr. en heyrst hefur að hann muni þurfa að liggja eina 3 sólarhringa á Fáskrúðafirði vegna influensu-bannans, og er það mjög trúlegt, þó fer um þetta tvennum sögum.

Inflúensan. Hún geysar um nágrannlöndin, en er sögð væg. Það flaug hér fyrir í vikunni að veikin mundi komin til Dýrafjarðar, en það mun ekki vera tilfellið. Úr Reykjavík var oss sagt í morgun að veikin væri hvergi komin á land hér svo menn vissu, og stöngum vörnarráðstöfunum haldið áfram.

Skuggar. Það var hjart yfir í gærdag og teygðu sólargeislarnir sig niður undir kaupstaðinn, og höfðu þeir sem í efstu húsunum hafa skímu um hádegisbilið. Í dag á blessuð sólin að sjást um alt kauplínið, sé alt með feldu, en nú er þoku-drungi í lofti svo enn má þreyja sólarlaust, er þó margur orðinn langeygður eftir ljósinu, og lummunum, þar sem líka

## Auglýsing.

Kirkjujörðin Þverá í Ólafsfirði er laus til ábúðar frá næstu fardögum. Mikill og góður heyskapur, og mikil mótekja. Umsóknarfrestu til 10. mars n. k.

Ósbrekku 10. janúar 1922.

Þorsteinn Þorkelsson  
hrepptjóri

## Ennþá einu sinni

tilkynni eg undirlitaður þeim sem ekki hafa greitt eða samið um skuldir sínar við verzlun mína, að eg gef þeim frest til 15. febr. næstk. Eftir þann tíma mun eg ganga að óumsömdum skuldum án frekari fyrirvara, Siglufirði 26. jan. 1922

Sophus A. Blöndal.

flestir Siglufirðingar hafa nú ekki séð sólina, síðan um miðjan nóvember.

Kirkjan Messað á morgun kl 5 síðd.

## Nýtt gufuskipafélag.

»Fram« hefur verið sagt að unnið sé að því að koma á fót nýju eimskipafélagi sem eigi að nefnast »Den Dansk-Norske Islandsrute«.

Ferðaáætlunin er hugsuð: Kaupm.höfn, Gautbaorg, Kristj.sandur Stavanger, Bergen og flestar stærri hafnir hér austan- og norðan-lands með Siglufjörð sem endastöð. Áætlunin mjög svipuð þeirri er skip Vatnes-erfingja sigldu eftir árin 1907 til 1911.

## Barna- og unglingskólinn

byrja 1. febrúar — samkvæmt stundaskránni. — komi ekki áður upp barnaveiki í bænum;

Guðm. Skarphéðinsson.

Ríshjóri: Sophus A. Blöndal.  
Afgreiðslum: Sophus Árnason.  
Siglufjarðarprentsmíðja.

## Fréttir

hafa engar borist blaðinu frá fréttaritara þess í Reykjavík, og mun lítið um markverð tíðindi, en svo eru allir Reykvikingar uppteknir af kosningu til bæjarstjórnarinnar sem fram fer þar í dag. Eru 2 listar sem um er kosið, listi sameinaðra borgara, A-listi, og eru á honum: Pétur Magnússon, Björn Ólafsson, Jónatan Þorsteinsson, Bjarni Pétursson og Jón Ófeigsson og B-listi, Alþýðuflokkslistinn: Halbjörn Haldórsson, Sigurjón Ólafsson, Guðgeir Jónsson, og Jón Guðm.son.

»Lagarfoss« kom til R.víkur í morgun frá Ameríku.

Lík Péturs heitins Jónssonar ráðherra, verður flutt norður.

Rúgmjöl, Baunir, Hrisgrjón, Margarine, Mysuostur, Steinolía og m. fl. vörur. Hvergi ódýrari en í **Líflubúðinni.**

Nú fór Gottfred að gruna margt. Hann spratt á fætur og ætlaði hálvegis að þagga niður í iðdur sínum, en stilti sig þó og studdist fram á skrifborðið fötur og titrandi. Faðir hans rejs líka úr sæti sínu og brosti lítið eitt er hann sá, hvað syni sínum varð hverft við.

»Láttu mig halda áfram«, sagði hann. »Ýms einkenni — þú getur farið nærri um, hver þau voru — gerðu það loksins að verkum, að við fastákváðum giftingardaginn. Eg bjó alt undir brúðkaupið, en kvöldið áður en það skyldi standa, bárust mér hinir og þessir kvittir til eyrna svo að eg flýtti mér þá heim og fann móður þína í mjög innilegum samræðum við — annan mann. Þessi maður, sem eg hitti hjá henni, var ekki Arthúr Wakefield, eins og haldið var, heldur fyrverandi elskhugi hennar, sem hafði farið frá Eng'landi ásamt bróður hennar og verið í sama herfyki og hann, en annars svipaði þeim talsvert saman, þótt undarlegt væri. Arthúr Wakefield dó á Indlandi, en þessi maður, sem eg á við, strauk úr hernum, sneri heimleiðis og hitti heimmey mína, er ávallt hafði unnað honum. Það var hann, sem eg hitti hjá henni — og það var hann, sem eg hélt, að eg hefði orðið að bana þegar eg stökk burtu.«

Nú varð æðilöng þögn, en loks tók faðir Gottfreds aftur til máls.

»Eg hefi ihugað það vandlega,« sagði hann, »hvort eg ætti ekki að láta þessar leiðinda ástæður, sem stóðu í sambandi við fæðingu þína, alveg afskiptalausar og breyta við þig, eins og þú væri skilgetinn erfingi minn, en eg hefi komist að þeirri niðurstöðu, að mér sé það ekki hægt. Það væri ekki rétt ráðið, að óskilgetið barn yrði höfðingi ættar okkar. Enn fremur veit eg ekki einu sinni með vissu,« sagði hann og bló við heldur hrottablega, »hvort þú ert minn sonur í raun og sannleika, þó að hins vegar leiki varla mikill efi á því. Mér þykir mjög leitt, að eg skuli ekki hafa minst á þetta við þig fyrri, því að alt uppeldi

Þetta gerði prestur líka og fékk sér sæti við hliðina á ungfrú Mornington og ræddust þau svo við næstum alt kvöldið. Þetta var nú raunar ekki sem kurteisast gangnvarnt hinum gestunum, en enginn vildi verða til að benda þeim á það og sjálf tóku þau ekki eftir því.

Ungfrú Mornington vissi vel, að presturinn vildi gjarnsamlega hafa hana með í ráðum, bæði um góðverkastofnanir og annað, sem konun er sýnna um en karlmönnum og henni þótti vænt um þá tiltrú hans, enda virtist henni altaf glaðna yfir honum þegar þau sátu á þessum ráðstefnum, sem sjaldan stóðu nema stutta stund og svo var í þetta sinn. Hastings prestur reis brátt úr sæti sínu og kom Dereham lávarður þá óðara til Evu aftur, en hún tók honum óvenju alúðlega, svo að honum bættist það að fullu, að hann hafði vikið fyrir hinum um stund.

»Þér megið til að heimsækja Gottfred á morgun«, sagði hún þegar hann fylgdi Maud og henni út að vagninum. »Eg veit að, honum þætti vænt um það.«

Dereham lávarður stóð eftir berhöfðaður á gangstéttinni þegar þær voru farnar og horfði á eftir vagninum þangað til hann hvarf sýnum.

»Það væri fróðlegt að vita, hvort hún kærir sig eiginlega nokkuð um þennan hempudrjúla,« sagði hann við sjálfan sig og gekk síðan í »klúbbinn« inn!

## XII.

### Ættarmálefni.

Tuttugu og fimm ára afmælisdagur Gottfreds var, eins og